MENNING

Hrífandi kviksjá

Sýning Ólafs Elíassonar dæmd ytra

YFIRLITSSÝNING á verkum Ólafs Elíassonar sem var opnuð síðastliðna helgi í nútímalistasafni San Francisco hlýtur góða dóma hjá gagnrýnanda *Los Angeles Times*.


Tilraunamaður Ólafur Elíasson.

Innihaldið í list Ólafs er sagt varpa birtu á samtímann „með skarplegum, hrífandi og óvæntum hætti.“


Sýningin ber nafnið „Take Your Time“ eða „Taktu þér tíma“ og er fyrsta eiginlega yfirlitssýningin á verkum Ólafs. Á sýningunni hefur lykilverkum Ólafs verið safnað saman og þau sett í nýtt samhengi, en einnig gefur þar að líta tvö ný verk unnin sérstaklega fyrir þetta tilefni. Undirbúningur fyrir sýninguna tók nærri tvö ár.

Í dómnum sem birtist í *Los Angeles Times* í gær er sagt erfitt að slá út verkið sem tekur á móti sýningargestum og ber nafnið „One-way colour tunnel.“ Gestir ganga í gegnum verkið til að komast inn á sýninguna. Um er að ræða göng sem eru bleik á leiðinni inn en svört þegar farið er til baka og er gagnrýnandinn Christopher Knight afar hrifinn af verkinu.

„Hin augljósu líkindi við leikfanga-kviksjá gerir verkið aðgengilegt fyrir alla, jafnvel þá sem nútímalist höfðar venjulega ekki til,“ skrifar Knight.

Í dómnum segir að list Ólafs fáist við „ánægjuna, fegurðina, leikinn – jafnvel hamaganginn.“ Ólafi er lýst sem „tilraunalistamanni í nánast vísindalegum skilningi“ og rannsókn hans sögð beinast að því að „umbreyta kyrrstöðunni.“

Veðramót


Joe Zawinul

DJASSHETJAN Joe Zawinul er látinn, 75 ára að aldri. Zawinul er þekktastur fyrir hljómborðsleik sinn með hinu merka djassfúsjón bandi Weather Report sem hann stofnaði ásamt saxófónleikaranum Wayne Shorter. Þá spilaði hann einnig á plötur meistara Miles Davis. Zawinul fæddist í Vínarborg en flutti til Bandaríkjanna árið 1959 – en hann var þó kominn aftur til Vínarborgar þegar hann lést síðasta þriðjudag.

Rólegur dagur

BÓKMENNTAUNNENDUR geta kastað mæðinni í dag fyrir lokaátökin í bókmenntahátíð því eftir þétta dagskrá undanfarna daga þá er upplesturinn í Iðnó kl. 20 eina uppákoma dagsins - en í kjölfarið fylgir hins vegar stíf dagskrá síðustu tvo dagana. En í kvöld eru þau Þórdís Björnsdóttir og Jón Kalman Stefánsson fulltrúar íslenskra höfunda en auk þeirra lesa kanadíska skáldkonan Kim Echlin, hinn danski Morten Ramsland og hjónin Jon Halliday og Jung Chang sem saman sömdu umtalaða bók um Maó formann.


Þórdís Björnsdóttir

Myndlist

Ljósmyndir af Þórði á Dagverðará



Í ÞJÓÐARBÓKHLÖÐUNNI stendur nú yfir ljósmyndasýning um Þórð Halldórsson frá Dagverðará undir Jökli á Snæfellsnesi. Þetta eru nærri 50 ljósmyndir, meðal annars myndir sem voru á heimsalmanaki KODAK árið 1973. Myndirnar voru í sumar til sýnis í vitanum á Malarrifi á Snæfellsnesi og vöktu mikla athygli, en nú njóta landsmenn þessa umhverfis í kvikmynd Guðnýjar Halldórsdóttur, *Veðramótum*. Sýningin er opin á opnunartíma Landsbókasafnsins og stendur til 6. október eins og sýningin um Jón Sveinsson, Nonna, á sama stað.

Leiklist

Herra Tourette og ég


Pelle Sandstrak

NORSKI leikarinn og leikskáldið Pelle Sandstrak verður gestur á fundi Tourette-samtakanna á Íslandi kl. 15 á morgun í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Hann hefur ferðast víða um Norðurlönd og Norður-Ameríku með leiksýninguna *Mr. Tourette and I* og er nú væntanlegur til Íslands.

Á fundinum mun Pelle ræða um reynslu sína af því að halda fyrirlestra og sýningar fyrir ýmiss konar fagfólk, en tilgangur sýninga hans er að auka skilning fagaðila á Tourette-heilkenninu í því markmiði að koma betur til móts við börn sem bera það.

Myndlist

Eggert sýnir tíma sumarsins í i8


Eggert Pétursson

100 MYNDIR nefnist sýning Eggerts Péturssonar málara sem opnuð verður í galleríi i8 í dag. Eggert sýnir 100 verk í tvennu lagi. 50 ferningslaga myndir hanga innan rétthyrnings, þar sem lesa má tíma sumarsins frá vori til hausts í línum niður eftir veggnum eftir blómgunartíma plantnanna, líkt og að lesa blaðsíðu í bók. 50 rétthyrningslaga myndir hanga í einni línu andspænis á hinum þremur veggjum salarins og aftur má lesa tíma sumarsins eftir línunni frá vinstri til hægri. Hanna Christel sýnir verk sitt Innanúr, utanfrá undir stiganum.

Listakonan Roni Horn myndar Herðubreið Stórvals á íslenskum heimilum


Roni Horn

Litagleði Herðubreiðarmynd eftir Stefán „Stórval“ á Hjallavegi 68 í nýrri bók eftir Roni Horn.


Óðinsgata Fartölva, blóm og Herðubreið.


Miðtún Tíu kindur á Seyðisfirði.


Sólvallagata Hjól og Herðubreið.

Herðubreið í íslenskum stofum og skrifstofum

HERÐUBREIÐ yfir stofusófanum, Herðubreið í borðstofunni, Herðubreið í skrifstofunni – í nýrri bók listakonunnar Roni Horn er að finna sextíu ljósmyndir af Herðubreiðarverkum Stefáns V. Jónssonar þar sem þær prýða veggi á heimilum Íslendinga.

Stefán kallaði sig Stórval og fæddist í Möðrudal árið 1908. Í gegnum tíðina málaði hann ótal myndir af Herðubreið. Enginn veit hversu margar myndirnar nákvæmlega eru en þær er að finna á veggjum landsmanna um land allt.

Hin bandaríska Roni Horn bankaði upp á á heimilum í Reykjavík, á Vopnafirði og Seyðisfirði og fékk að taka ljósmyndir af verkum Stórvals í eldhúsum, stofum, göngum og skrifstofum. Bókin nefnist einfaldlega *Herðubreið at Home* (*Heima með Herðubreið*).

Horn er búsett í New York og kom fyrst til Íslands fyrir rúmum 30 árum. Síðan þá hefur hún ferðast reglulega til landsins, sótt innblástur í íslenska náttúru og meðal annars unnið með vatn úr íslenskum jöklum.

***Heima með Herðubreið* er gefin út af Steidl-forlaginu sem áður hefur gefið út ljósmyndabækur eftir Horn.**